

NPA

Notendastýrð persónuleg aðstoð

Í framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk er lögð áhersla á að borgarþáttar sem þurfa aðstoð í daglegu lífi hafi val um hvernig henni sé háttað.

Í bráðabirgðaákvæði IV í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 er kveðið á um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) en gert er ráð fyrir því að NPA verði ein af meginstoðum í þjónustu við fatlað fólk.

Því vill Reykjavíkurborg bjóða einstaklingum upp á NPA til reynslu sem sérstakt þróunar- og tilraunaverkefni til samræmis við framtíðarsýn borgarinnar í þjónustu við fatlað fólk.

NPA byggir á samkomulagi um mat á stuðningsþörf og er samráð umsækjanda og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar lykilatriði í matsferlinu.

Gert er ráð fyrir að NPA verði lögbundin þjónusta sveitarfélaganna árið 2014.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Að vera verkstjórnandi í lífi sínu er eitt af grundvallaratriðum hugmyndafræðinnar sem liggur að baki NPA.

Þetta þýðir að notandinn ákveður sjálfur hvað hann vill gera á degi hverjum og hvernig hann vill að aðstoðarfólk nýtist.

Notendur hafa ólíkar leiðir og aðferðir til þess að annast verkstjórnarhlutverk sitt og kunna sumir að þurfa á sérstakri aðstoð að halda til að geta verið í verkstjórnarhlutverki.



Notendur NPA skulu ætíð vera í verkstjórnarhlutverki í lífi sínu

Hverjir geta ekki sótt um NPA:

Þeir sem búa á hjúkrunarheimili/dvalarheimili þar sem eru greidd daggjöld

Fatlað fólk sem er eldra en 67 ára og eldra

Hverjir geta sótt um NPA?

Gert er ráð fyrir að einstaklingar sem eiga lögheimili í Reykjavík eða Seltjarnarnesi, eru á aldrinum 18 - 66 ára og falla undir lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og þurfa daglega aðstoð geta sótt um NPA.

Foreldrar fatlaðra barna sem eru yngri en 18 ára og þurfa daglega aðstoð geta einnig sótt um NPA.

Þar sem um tilraunaverkefni er að ræða sem ekki byggir á lögum verður horft til fjölbreytni í vali á þátttakendum í verkefnið.

Ferli umsókna í tilraunaverkefni um NPA

1. Einstaklingur sækir um NPA á sérstöku eyðublaði og tekur þjónustumiðstöð í því hverfi sem umsækjandi býr við umsókninni.
2. Uppfylli umsækjandi skilyrði er unnið heildstætt mat á stuðningsþörf í samráði við umsækjanda. Skoðað er hvernig NPA geti komið til móts við þörf umsækjanda fyrir aðstoð.
3. Þegar sátt hefur náðst um mat á stuðningsþörf er gert samkomulag um fjölda vinnustunda í samræmi við niðurstöður matsins. Samkomulagið kveður á um fjölda vinnustunda sem aðstoðarfólk skal vinna fyrir umsækjanda.
4. Einstaklingssamningur um NPA er gerður milli umsækjanda og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Gildistími er allt að 24 mánuðir. Í samningnum er kveðið á um tímafjölda veittrar aðstoðar, framkvæmd samnings og fyrirkomulag greiðslna. Í samningnum er einnig tekið fram hvort notandi leiti til þriðja aðila um umsýslu og framkvæmd hans eða hvort hann muni sjálfur annast skipulag aðstoðarinnar og er þá orðinn vinnuveitandi.
5. Aðstoðarfólk er ráðið og eru gerðir ráðninga- og/eða verktakasamningar. Greiðslur hefjast samkvæmt samningi.

Umsóknareyðublað má nálgast á rafræn Reykjavík www.reykjavik.is og á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar

Aðstæður umsækjanda eru kannaðar eins fljótt og unnt er.

Öflun gagna og upplýsinga er unnin í samvinnu við umsækjanda.

Gögn sem þarf að skila með umsókn eftir því sem við á:

- Örorkumat.
- Umönnunarmat.
- Yfirlýsing frá ábyrgðaraðilum þjónustu.
- Yfirlit um greiðslustöðu frá tollstjóra.

Ferli umsókna getur tekið allt að sex mánuðum sbr. 4. og 5. gr. reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010

Önnur þjónusta

Grundvallarskilyrði fyrir samningi um NPA er að velferðarþjónusta sem veitt er á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og félagsleg heimaþjónusta sem veitt er á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 falli niður, enda komi NPA í stað þeirrar þjónustu. Í ákveðnum tilvikum getur dagþjónusta, hæfing og ferðaþjónusta verið hluti af samningi um NPA með nánari skilyrðum.

Þjónusta sem fellur

niður:

Félagsleg heimaþjónusta

Frekari liðveisla

Lengd viðvera

Liðveisla

Stuðningsfjölskylda

Skammtí mavistun

Mat á stuðningsþörf á að sýna raunverulega þörf fyrir stuðning.

Mikilvægt er að umsækjendur geri sér grein fyrir stuðningsþörf sinni og hvernig þeir telji að henni sé best mætt.

Fjöldi vinnustunda og hvenær sólarhrings aðstoð er veitt ákvarðar þá fjárhæð sem notandinn hefur til þess að ráða aðstoðarfólk.

Ekki er gert ráð fyrir að maki, sambýlismaður/-kona eða náinn ættingi sé ráðinn til þess að sinna starfi aðstoðarmanns nema í undantekningartilvikum og þegar börn eiga í hlut.

Mat á stuðningsþörf

Umsækjandi og sérfræðingar á þjónustumiðstöðvum vinna saman að heildstæðu mati á stuðningsþörf. Stuðningsþörf er metin með hliðsjón af þeirri þjónustu sem þegar er veitt og mati umsækjanda á þörf sinni fyrir aðstoð. Við matið er einnig tekið mið af SIS mati og matstækjum Reykjavíkurborgar í stuðningsþjónustu og félagslegri heimaþjónustu. Mikilvægt er að sátt sé um mat á stuðningsþörf þar sem hún er grundvöllur fyrir samningi um fjölda vinnustunda.

Fjöldi vinnustunda

Þegar sátt hefur náðst um stuðningsþörf er gert samkomulag um fjölda vinnustunda á mánuði. Vinnustundirnar eiga að endurspegla mat á stuðningsþörf notendans.

Fjárhæðir

Fjárhæð sem fylgir hverri vinnustund getur að hámarki verið kr. 2800 að meðtöldu álagi og launatengdum gjöldum skv. Handbók um NPA (febrúar 2012). Heimilt er að bæta við í einstaklingssamning upphæð vegna sérfræðiaðstoðar, samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Einstaklingssamningur

Á grundvelli samkomulags um fjölda vinnustunda er gerður einstaklingssamningur milli notanda og Velferðarsviðs. Í einstaklingssamningi kemur fram tímafjöldi veittrar aðstoðar, framkvæmd samnings, fjárhæð greiðslna og hvort notandi eða sjálfstæður aðili sjái um umsýslu.

Aðstoðarfólk

Notendur geta sjálfir verið vinnuveitendur og annast skipulag NPA sjálfir. Einnig geta notendur gert samning við sjálfstæða aðila, sem hafa gert samstarfssamning við Reykjavíkurborg, til þess að annast umsýslu og framkvæmd NPA. Ráðningasamningur er gerður milli þess er annast umsýslu og aðstoðarfólks. Í ráðningarsamningi er kveðið á um launakjör, vinnuskipulag, réttindi og skyldur aðstoðarfólks. Notandi samþykkir alla ráðningarsamninga.

Þjónusta frá öðrum þjónustuveitendum

Einstaklingar sem þurfa þjónustu eða hafa fengið þjónustu sem er ekki á ábyrgð Reykjavíkurborgar geta óskað eftir því að sú þjónusta verði hluti af NPA samningi. Í þeim tilfellum þarf ábyrgðaraðili þjónustunnar að staðfesta kostnaðarhlutdeild sína. Á þetta við um stuðning í námi í framhalds- og háskóla, atvinnu með stuðningi (AMS) og önnur vinnutengd úrræði.

Ekki er hægt að semja um að heimahjúkrun, greiðslur til framfærslu og bætur verði hluti af NPA-samningi.

Í 19. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er kveðið á um rétt fatlaðs fólks til að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu

Ráðgjöf og aðstoð varðandi mat á stuðningsþörf

Utanaðkomandi ráðgjöf í matsferlinu getur verið mikilvæg. Einstaklingar geta fengið þessa ráðgjöf eða aðstoð frá einhverjum sem þeir treysta og/eða þekkja til. Einnig á fatlað fólk rétt á því að tilnefna talsmenn sbr. IV. kafla laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fatlaðs fólks.

Eftirlit og upplýsingaskylda

Sá sem annast umsýslu NPA samnings skilar skýrslu mánaðarlega um þann fjölda vinnustunda sem notandi hefur nýtt sér. Auk þess er honum skylt að reiða fram upplýsingar um tíma-skrár, vinnuáætlanir, ráðningasamninga og greiðslur sé þess óskað. Einnig ber þeim sem annast umsýslu að skila til opinberra aðila þeim upplýsingum sem þeir telja sig þurfa til þess að fullnægja skyldum sínum sem og að sjá um greiðslur til skattayfirvalda.

Endurskoðun og málskot

Notandi getur leitað til áfrýjunarnefndar velferðarráðs með ósk um endurskoðun á niðurstöðum heildstæðs mats á stuðningsþörf. Ákvörðun áfrýjunarnefndar verður ekki skotið til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála þar sem um er að ræða afmarkað og tímabundið tilraunaverkefni sem ekki byggir á lögum.

Velferðarsvið skal tilkynna umsýsluaðila um atriði t.d. laga-breytingar, reglugerðarbreytingar sem almennt má ætla að skipt geti máli varðandi framkvæmd samstarfssamnings og taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru svo unnt sé að efna samninginn.

Starfsfólk á þjónustumiðstöðvum skal veita upplýsingar um umsóknir og ferli þeirra.

Hafðu samband

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Hraunbær 115

Sími 411 1200 og 411 1111

Þjónustumiðstöð Breiðholts

Álfabakki 12

Sími 411 1300 og 411 1111

Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarður

Gylfaflöt 5

Sími 411 1400 og 411 1111

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Síðumúli 39

Sími 411 1500 og 411 1111

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Skúlagata 21

Sími 411 1600 og 411 1111

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður

Hjarðarhagi 45-47

Sími 411 1700 og 411 1111



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Höfðatorg, Borgartún 12-14 · 105 Reykjavík
Sími 411-1111 · www.velferdarsvid.is

Með fyrirvara um prentvillur og breytingar sem kunna að verða þegar reglur um NPA verða samþykktar af velferðarráði.